



Fréttabréf til stofnaðila

Helstu tíðindi úr starfemi Austurbrúar

Jóna Árný Þórðardóttir og Jón Knútur Ásmundsson

Janúar og febrúar 2015



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta



Fréttir af innleiðingaráætlun

Eitt af megin verkefnum Austurbrúar á árinu 2015 er að innleiða nýtt skipulag í samræmi við tillögur starfsháttanefndar sem kynntar voru á framhaldsársfundar 30. september 2014. Þessar breytingar munu gera skipulag Austurbrúar mun sveigjanlegra, fagþekking nýtist betur auk þess möguleikar til þverfaglegrar samvinnu verða fleiri. Markmiðið er sem fyrr að Austurbrú geti orðið sá aðili sem ríki, sveitarfélög, hagsmunaaðilar og íbúar geta leitað til með verkefni og einföldun stoðkerfis landshlutans í samræmi við áherslur hins opinbera. Tillögur starfsháttanefndar er að finna á heimasíðu Austurbrúar hér:

<http://www.austurbru.is/is/um-austurbru/stjorn-og-fagrad-austurbruar/fundargerdir-arsfunda>

Eftirfarandi yfirlit segir frá helstu verkþáttum innleiðingaráætluninnar og hvernig þeir standa. Flestir starfsmenn Austurbrúar koma að þessari vinnu með einhverjum hætti.

Greining verkefna, verk- og þjónustupátta

- *Skýring:* Greina þarf verkefni Austurbrúar og búa til verkflokunarkerfi sem staðsetur verk í verkefnaflokk (kjarnaverkefni, tímabundin verkefni, SSA verkefni og skilgreind verkefni stoðþjónustu samhliða) og gefur þeim verknúmer sem talar við bókhaldið, eins einfalt og hægt er en samt nægilega sundurliða til að halda því gagnsæi sem þarf.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra vinnur að verkefninu og notar til þess m.a. skýrslur úr DK (verkbókhald Austurbrúar).
- *Staðan:* Verkefnið hófst í september og er það komið vel á veg. Áætluð verklok eru í febrúar.

Samræming verk- og kostnaðarbókhalds

- *Skýring:* Nauðsynlegt er að koma því á að verkbókhald, kostnaðarbókhald og verknúmer sé samtengt svo hægt sé að fylgjast með kostnaðarframvindu hvers verkefnis.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri fjármála og bókhalds vinnur þetta í samvinnu við teymið sem vinnur að greiningu verkefna hér að ofan.
- *Staðan:* Hófst í 2014 og áætluð verklok eru í febrúar 2015.

Innleiðing verkbókhalds

- *Skýring:* Innleiða notkun starfsmanna á verkbókhaldi og verkskráningu skv. nýju kerfi.
- *Verklag:* Verkefnastjóri var skipaður yfir verkefninu og hann sér um handleiðslu og innleiðingu.
- *Staðan:* Verkefnið hófst í desember og eru áætluð verklok í febrúar. Framvinda verkefnis var kynnt starfsfólki á starfsmannafundi 6. febrúar.

Starfslýsingar

- *Skýring:* Starfslýsingar þurfti að taka til endurskoðunar og eftir atvikum gerðir nýir ráðningasamningar.
- *Verklag:* Unnið af framkvæmdastjóra í samvinnu við trúnaðarmann.
- *Staðan:* Framkvæmdastjóri er byrjaður að vinna með einstökum verkefnastjórum til að endurskilgreina störf þeirra. Kjósa þurfti nýjan trúnaðarmann á starfsmannafundi svo stiga megi næstu skref í þessu verkefni og það var gert 6. febrúar. Áætluð verklok í mars.



Auglýst og ráðið í störf skv. nýju skipuriti

- *Skýring:* Nýtt skipurit, þar sem sviðaskipting Austurbrúar er lögð niður, kallaði á tvær yfirverkefnastjórstöður: Yfirverkefnastjóri kjarnaverkefna og yfirverkefnastjóri sértækra verkefna. Þá þurfti líka að ráða verkefnastjóra SSA. Þessi breytingar þýða ekki fjölgun starfsmanna.
- *Verklag:* Starf yfirverkefnastjóra auglýst í desember innandyrá hjá Austurbrú.
- *Staða:* Ráðið hefur verið í allar stöður. Yfirverkefnisstjóri kjarnaverkefna: Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Yfirverkefnisstjóri sérstækra verkefna Signý Ormarsdóttir, Verkefnisstjóri SSA Björg Björnsdóttir.

Launakjör starfsmanna

- *Skýring:* Tekið saman yfirlit yfir launakjör starfsmanna. Vinnulag og málefni tengd skráningu vinnutíma tekið saman. Mikilvægt að allir starfsmenn séu samstíga varðandi skráningu.
- *Verklag:* Vinnan er í höndum trúnaðarmanns, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra.
- *Staðan:* Tillaga um verklag kynnt og rætt á fundi starfsmanna 6. febrúar. .

Upplýsingaflæði

- *Skýring:* Annars vegar er um að ræða upplýsingaflæði á milli starfsmanna og svo út á við til stofnaðila, fjölmiðla og almennings.
- *Verklag:* Stjórnendateymi Austurbrúar vinnur að verkefninu í samvinnu við verkefnastjóra kynningarmála hjá Austurbrú.
- *Staðan:* **1.** Unnið er að eflingu upplýsingaflæðis á milli starfsmanna en og verið er að fara yfir þá möguleika sem í stöðunni með hvaða hætti upplýsingum er miðlað. **2.** Miðlun til almennings og fjölmiðla hefur nú þegar verið augin í gegnum heimasíðu, samfélagsmiðla og fréttatilkynningum á fjölmiðla. **3.** Tekin var ákvörðun um að sent yrði á stofnaðila mánaðarlega fréttabréf um helstu verkefni og stöðu þeirra.
- Við minnum stofnaðila á póstlistann á heimasíðunni okkar til að geta fylgst með fréttum af Austurbrú.

Endurskoða og bæta verklagsreglur stjórnar

- *Skýring:* Þetta verkefni snýr að formfestingu samskipta við fagráð, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra og varðandi það að ekki verði sami einstaklingur kjörin formaður stjórnar Austurbrúar og er sitjandi formaður SSA.
- *Verklag:* Unnið af teymi stjórnarmanna undir forystu eins.
- *Staða:* Tillögur liggja fyrir og þarfnast samþykktar á stjórnarfundi.

Þjónustusamningur um verksvið verkefnastjóra SSA

- *Skýring:* Gerður verði samningur um hlutverk og starfssvið verkefnastjóra sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú.
- *Verklag:* Unnið af formanni stjórnar SSA og framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- *Staða:* Lokið.



Reglur um ábyrgð og hlutverk formanns SSA og verkefnastjóra SSA

- *Skýring:* Verklagsreglur mótaðar um aukna ábyrgð formanns SSA og verkaskiptingu hans og verkefnastjóra SSA hjá Austurbrú.
- *Verklag:* Unnið af formanni stjórnar SSA og framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- *Staða:* Fyrsti fundur haldin í febrúar.

Fjármál

Þetta er tekur til nokkurra liða:

Húsnæði - Vonarland

- *Skýring:* Gerður verði nýr leigusamningur vegna húsnæðisins á Vonarlandi sem styður við hlutverk Austurbrúar og passar við aðstæður stofnunarinnar fyrir árið 2015.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri reikningsskila og framkvæmdastjóri.
- *Staða:* Búið er að ýta á eftir þessu við stjórn Vísindagarðsins og óskað var eftir nýjum samningsdrögum sem fyrst. Verið er að vinna drög að nýjum samningi og stefnt að því að hann liggi fyrir núna um miðjan febrúar.

Húsnæði - Miðvangur

- *Skýring:* Gengið frá sölu húsnæðis að Miðvangi auk þess að leitað var leiða til að losna undan leigusamningi vegna upplýsingamiðstöðvar eða framselja hann.
- *Verklag:* Framkvæmdastjóri hefur umsjón með þessu.
- *Staða:* Búið er að ganga frá sölu Miðvangs og unnið er í lausn er varðar leigusamning húsnæðis upplýsingamiðstöðvarinnar í Miðvangi. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir í febrúarmánuði því tengt.

Uppsetning fjárhagsbókhalds

- *Skýring:* Gengið verði frá uppsetningu fjárhagsbókhald til að styðja við skýrslugjöf og greiningu kostnaðar.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála vinna að þessu í samvinnu við framkvæmdastjóra.
- *Staða:* Búið er að búa til reiti í DK fyrir þessa tengingu og verið að prófa m.t.t. þarfa um frekari upplýsinga. Áætlað er að þessu verkefni verði lokið í mars.

Upplýsingagjöf vegna fjármála

- *Skýring:* Gerðir verða verkferlar fyrir miðlun fjárhagsupplýsinga reglulega til stofnaðila.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri kynningarmála, Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála vinna að þessu í sameiningu.



- **Staða:** Vinna hafin við móttun. Líklegt að þetta verði í formi erindis sem sent verður á alla stofnaðila mánaðarlega amk. til að byrja með. Stefnt er að því að setja út upplýsingar til stofnaðila um 3 mánaða uppgjör í lok apríl.

Önnur verkefni í janúar og febrúar

*ATH ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur stutt yfirlit yfir helstu áhersluatriði.

- **Útgáfa námsvísis:** Að þessi sinni var ákveðið að gefa út einblöðung með stuttum kynningum á námskeiðum og minnt á helstu þjónustu Austurbrúar á sviði símenntunar og fræðslu. Prentað og dreift í janúar.
- **Starfsáætlun fræðslustarfs 2015:** Var skrifuð og send mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- **Stóriðjuskólinn:** Tveir nýir grunnskólar byrjuðu í stóriðjunáminu og iðnaðarmenn bættust við framhaldshópinn. Alls eru 53 nemendur í þessi námi hjá Austurbrú.
- **Lengri námsleiðir:** Menntastöðir og staðarleiðsögunám eru í fullum gangi. Því síðarnefnda lýkur í febrúar.
- **Almenn námskeið:** Boðið er upp á ellefu námskeið til viðbótar í janúar og febrúar.
- **Fab Lab:** Byrjað er að kenna tvo áfanga við Verkmenntaskóla Austurlands auk þess hefur smiðjan verið nýtt í öðrum áföngum s.s. í tré- og rafiðn. Kennð hafa verið almenn námskeið sem hófust í janúar og helgina 14. og 15. febrúar var haldið viðamikil vinnustofa þar sem fulltrúar SAM-félagsins, grasrótarsamtök skapandi fólks á Austurlandi, lærði undirstöðuatriði í Fab Lab.
- Stýrihópur **sjálfbærni**verkefnis hittist í janúar og átti vinnufund.
- **55 próf** (fyrst og fremst háskólanemar) tekin í starfsstöðum Austurbrúar í janúar og febrúar.
- **Ný East.is** síða fór „í loftið“ í janúar. Síðan leysir af hólmi þá gömlu og ekki vanþörf á á tímum örra tæknibreytinga.
- Fulltrúi Austurbrúar fór á ferðasýningarnar **Mannamót** og **MidAtlantic**, stórar ferðasýningar sem kröfðust mikils undirbúnings.
- Vinna við gerð **smábókar** og **korts** hófst í febrúar. Vinnu lýkur í mars
- Í janúar hófst undirbúningur samræmdrar **birtingaráætlunar** fyrir sveitarfélög á Austurlandi. Tillaga liggur til samþykktar hjá sveitastjórum/kynningarfulltrúum sveitarfélaganna.
- Samþykkt var í janúar að ganga til samninga við **Hús handanna** um rekstur **Upplýsingamiðstöðvar Austurlands** en hún hefur verið lokuð síðan í byrjun nóvember. Stefnt er að því að drög að samningi við Hús handanna liggi fyrir í byrjun mars.
- Fyrirhugaður er fundur **Ferðamálastjóra** á Austurlandi 24. febrúar með FAUST og Austurbrú til að ræða breytingar er snúa að fjárhagslegum samskiptum ferðamálastofu og landshlutanna. Í janúar stóð Austurbrú fyrir kynningu um stuðning við atvinnurekstur kvenna. Fulltrúar Byggingastofnunar og Vinnumálastofnunar kynntu mismunandi verkefni og leiðir fyrir konur sem vilja stofna eigin atvinnurekstur. Kynningin er haldin í samstarfi við TAK - Tengslanet austfirskra kvenna og var á Egilsstöðum og Reyðarfirði dagana 20. og 21. janúar.
- Stýrihópur **flugvallarverkefnis** hittist einu sinni í janúar.

- Fundur sem til stóð að halda í stýrihóp **flugvallarverkefnisins** í byrjun febrúar var frestað vegna veðurs til 5. mars. Á þeim fundi er verið að vinna með möguleika á beinu flugi í Egilsstaði í nokkra mánuði árið 2016. Verkefnið er hluti af samtali sem Austurbrú hefur verið í við ferðaskrifstofuna Discover the world.
- Í febrúar voru haldnir fundir í Fjarðabyggð um byggðaðróun á norðurslóðum Norðurlanda. Fundirnir, sem haldnir voru af NordRegio í samstarfi við Austurbrú, eru liðir í verkefni um byggðaðróun á norðurslóðum Norðurlanda til framtíðar. Um er að ræða átaksverkefni á dagskrá **Norrænu ráðherranefndarinnar** frá 2013 til 2016 sem Austurbrú tekur þátt í.
- Þrír starfsmenn Austurbrúar fóru til Kaupmannahafnar í janúar vegna **NordPlus** verkefnis sem snýst um tungumálakennslu heilbrigðisstarfsfólks. Sérstakur ferðastyrkur fékkst frá NordPlus til ferðarinnar. Niðurstaða Austurbrúar var að halda ekki áfram með verkefnið vegna þröngs fjárhagsramma.
- Fulltrúi Austurbrúar tók þátt í fundi þekkingarsetra á Blönduósi í febrúar.
- Fulltrúi Austurbrúar tók þátt á fundi Kvasis, samtaka símenntunarstöðva, á Bifröst í febrúar.
- Samningur um **sóknaráætlun** fyrir Austurland 2015 til 2019 var undirritaður í febrúar. Vinna er hafin við mótun úthlutunarreglna hjá SSA í samstarfi við Austurbrú. Stefnt er að því að samráðsvettvangur um uppfærslu á sóknaráætlun sem skipaður er af SSA komi saman í mars.
- Frumkvöðlasetrið **Hugvangur** var opnað á Egilsstöðum en Austurbrú hefur aðkomu að þessu verkefni.
- Starf verkefnastjóra „**Brothættra byggða**“ var auglýst í janúar. Sautján umsóknir bárust og mun niðurstaða liggja fyrir í byrjun mars.
- Stefnt er að fundi með **hagsmunaaðilum Austurbrúar** um mánaðarmótin febrúar/mars í samræmi við skipulagsskrá.
- **Starfsdagur** Austurbrúar var haldinn 6. febrúar þar sem m.a. var fjallað um innleiðingaráætlun og skipulag Austurbrúar.